

Sp.

115. Tillaga til þingsályktunar

[112. mál]

um verðlagningu á orku.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja lagafrumvarp, sem lagt verði fyrir Alþingi, um almennar reglur, sem fylgja skuli við verðlagningu á orku frá orkufyrirtækjum í landinu. Þar sé m. a. kveðið á um arðgjöf og afskriftir til að tryggja eðlilega eiginfjármyndun og sjóðstreymi. Stjórnir orkufyrirtækja ákveði sjálfar orkuverð innan lagarammans, en að öðru leyti sé hann bindandi fyrir orkufyrirtækin svo og yfirvöld verðlagsmála. Hafa skal samráð við Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. hitaveitna um samningu ofangreinds frumvarps.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa farið fram miklar umræður hér á landi um verðlagningu á orku, bæði raforku og hitaorku. Verðstöðvunarlæg, sem hafa verið meira og minna í gildi um tíu ára skeið, hafa tekið ákvörðunarvaldið um verðlagningu orku úr höndum eigenda orkufyrirtækjanna og sett það í hendur verðlagsyfirvalda. Oft hafa ríkisstjórnir átt síðasta orðið í þeim efnum. Sjónarmið ríkisins við þessa verðlagningu hafa yfirleitt á hverjum tíma verið bundin við skammta tíma og miðast við að halda vísitölu niðri næsta vísitölutímabil. Hagsmunir orkufyrirtækjanna eða orkuiðnaðarins í heild hafa þá oft verið látnir víkja.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í orkumálum undanfarinn áratug. Þrátt fyrir það hefur orkuverð frá stærstu orkuveitunum lækkað miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Afleiðingar þess eru lítil eiginfjármögnun, en miklar erlendar lántökur sem leitt hafa af sér gífurlega skuldasöfnun og ört vaxandi greiðslubyrði. Oft virðist gleymast að miklar erlendar lántökur kalla á hærra orkuverð síðar vegna aukinnar greiðslubyrðar. Arðgjöf þessara fyrirtækja er langt undir því marki sem eðlilegt má teljast. Sum þessara fyrirtækja horfa fram á alvarlega rekstrarerfiðleika og eru engan veginn í stakk búin til að takast á við mikilvæg verkefni sem biða á sviði orkumála.

Sem dæmi um þróun þessara mála hjá orkufyrirtækjum má nefna að hjá Landsvirkjun var orkuverð í árslok 1980 70% af því sem það var 1970, þrátt fyrir gífurlegar framkvæmdir á þessum tíma. Mikill halli verður á rekstri fyrirtækisins á þessu ári og að óbreyttu stefnir einnig í verulegan halla á næsta ári. Arðgjöf er langt undir því marki sem Landsvirkjun sjálf telur eðlilegt og eldri lánsamningar kveða á um. Bilið er brúað með erlendum lántökum. Á sama tíma tala menn í fullri alvöru um nauðsyn nýrra stórataka í byggingu raforkuvera.

Rafmagnsveita Reykjavíkur þurfti á þessu ári að taka 17 millj. kr. að láni erlendis og líklegt er að fyrirtækið þurfi 20 millj. kr. til viðbótar á næsta ári. Raforkuverð án skatta er nú rúmlega 75% af því sem það var árið 1970. Fjárfesting dreifiveitu eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er nokkuð jöfn frá ári til árs og fylgir fyrst og fremst útpenslu byggðarinnar. Mjög er óeðlilegt að fjármagna slíkar framkvæmdir með erlendum lántökum. Á tveggja ára tímabili (október 1979—október 1981) hefur gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækk- að um 94%, en á sama tíma hefur verðbólga numið 110—120%.

Orkuverð hjá Hitaveitu Reykjavíkur var í árslok 1980 60% af því sem það var 1970. Á sama tíma hefur HR staðið í miklum framkvæmdum, bæði í virkjunarmálum og dreifingu. Hefur fyrirtækið m. a. lagt heitt vatn í öll ný byggðahverfi Reykjavíkur og enn fremur um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Vegna verðlagningarstefnunnar hefur fyrirtækið þurft að skera niður ýmsar grundvallarframkvæmdir, eins og borun á nýjum holum, og vatnsskortur vofir yfir, ef ekki verður úr bætt.

Ofangreind fyrirtæki eru nefnd sem dæmi um þann vanda sem nú steðjar að orkuiðnaðinum í landinu vegna óraunhæfrar verðlagningarstefnu undanfarinna 10 ára.

Að undanfögnu hefur þeirri skoðun vaxið mjög fylgi, að nauðsynlegt sé að setja reglur um verðlagningu orku. Var það t. d. mjög til umræðu á vetrarfundi Sambands ísl. rafveitna 3. nóvember s. l. og á aðalfundi sambandsins s. l. sumar. Slíkar reglur eru til í sumum nágrannlöndum okkar. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, að slíkar reglur verði festar í lög, en það mundi skapa mikið öryggi fyrir orkufyrirtækin. Þau gætu þá gert raunhæfar áætlanir um rekstur og fjárfestingar og haldið lántökum innan eðlilegra marka. Slíkar reglur gætu verið liður í því að koma fjárhag orkufyrirtækja landsins á heilbrigðan grundvöll og búa þau undir ný stóratök á sviði orkumála.